



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 2. desember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um brottnám líffæra nr. 16/1991 (ætlað samþykki), 34. mál, þingmannafrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 7. nóvember sl. þar sem óskað er álitis Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um brottnám líffæra nr. 16/1991 (ætlað samþykki), 34. mál á 143. löggjafarþingi.

Í frumvarpinu felst að gerð verði sú breyting á 2. gr. laga um brottnám líffæra að gengið verði út frá ætluðu samþykki einstaklinga varðandi brottnám líffæra eða lífrænna efna í stað þess að í gildandi lögum er gengið út frá samþykki hans eða náinna vandamanna.


Eins og rakið er í greinargerð með frumvarpinu hafa tvívegis verið lagðar fram tillögur til þingsályktunar um gerð lagafrumvarps um ætlað samþykki við líffæragjafir, á 141. löggjafarþingi (28. mál) og 140. löggjafarþingi (476. mál). Í hvorugt skiptið voru tillögurnar útræddar.

LÍ gaf umsögn um báðar tillögurnar. Í umsögnunum kemur fram að LÍ er fylgjandi því að fjölgað verði líffæragjöfum hér á landi. LÍ leggur þó áherslu á að samþykki sjúklinga er meginregla laga um réttindi sjúklinga og því mikilvægt að sú meginregla gildi sem oftast, og helst alltaf. Meginreglur um réttindi sjúklinga eru hluti mannréttinda hvers einstaklings og því nauðsynlegt að þær meginreglur séu virtar. Í umsögnunum benti LÍ að nágrannalönd hafa farið þá leið að notast við upplýsingar á ökuskírteini eða sjúkratryggingaskírteini viðkomandi til að gera aðgengilegar upplýsingar um vilja einstaklings til líffæragjafar. LÍ telur þessar leiðir heppilegri en þá að ganga út frá ætluðu samþykki eins og gert var í þingsályktunartillögum og gert er í frumvarpi því sem hér er gefin umsögn um.

LÍ leggur til að í stað þess að breyta lögum um brottnám líffæra með þeim hætti sem hér er lagt til verði þess í stað hrundið af stað vinnu við að auka þekkingu einstaklinga á mikilvægi þess að þeir ákveði og komi á framfæri afstöðu sinni til líffæragjafar eða gjafar lífrænna efna og sú afstaða verði skráð, t.d. í ökuskírteini.

Fulltrúar félagsins eru tilbúnir til að koma á fund velferðarnefndar Alþingis til að ræða nánar efni frumvarpsins, verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,


Þorbjörn Jónsson,
formaður.